



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Borgarnes 9. mars 2021
Málsnúmer: 2003178

Nafn: **Vindmyllur á Grjóthálsi** – skipulags- og matslýsing, breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Varðar umsögn um skipulagslýsingu sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi 210 þann 11. febrúar 2021, skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða í Borgarbyggð.

Í breytingunni er gert ráð fyrir að skilgreina iðnaðarsvæði á Grjóthálsi í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða þar sem fyrirhugað er að virkja vindorku.

Skipulags- og matslýsing var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 10. mars 2021. Þá liggur lýsingin fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar ásamt sýnileikakortum og ásýndarmyndum. Auglýsingin og fylgiskjölin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is.

Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meðfylgjandi:

Skipulags- og matslýsing janúar 2021.

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar